

gefið að nokkru tilefni til hinnar umstefndu Þjóð-
ólfsgreinar, hefur kallað blað stefnda »ræfilsgrey«
og »garm«. — Hegning stefnda þykir hæfilega á-
kveðin af undirdómaranum 50 kr. sekt til lands-
sjóðs eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Máls-
kostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist,
en málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla
niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Hannes ritstjóri Þorsteinsson greiði
50 króna sekt í landssjóð eða sæti 15 daga
einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tæka
tíð. Framan talin meiðandi ummæli um á-
frýjandann Björn ritstjóra Jónsson eiga að
vera dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir
undirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur,
en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8
vikna frá lögbirting hans, sæti ella aðför að
lögum.

Nr. 2/1895:

Björn Jónsson

gegn

Hannesi Þorsteinssyni

(Út af meiðyrðum í Ísafold).

Dómur:

Ritstjóri »Þjóðólfs« Hannes Þorsteinsson höfð-
aði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur

gegn ritstjóra »Ísafoldar« Birni Jónssyni út af nafnlausri grein í 32. tölubl. Ísafoldar XXI. árg., sem út kom 2. júní 1894 með yfirskriftinni »Fólska eða flónska«, og krafðist þess, að ýms ummæli í greininni svo og fyrirsögn hennar væru dæmd dauð og ómerk, Björn Jónsson dæmdur í fangelsi eða sektaður fyrir þau, og að auki til að greiða allan málskostnað. Með dómi bæjarþingsrjettarins, upp kveðnum 29. nóv. f. á., voru þessi orð greinarinnar dæmd ómerk: »Fólska eða flónska« í fyrirsögn og meginmáli greinarinnar; »lepur hann eptir einhverjum ósannorðum heimskingjum«, »en álpast þó til að bera út fyrir þá hviksögur«, og var ritstjóri »Ísafoldar« Björn Jónsson dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í 6 daga einfalt fangelsi fyrir þau, og enn fremur til að greiða 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Björn Jónsson áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu, útgefinni 26. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur algjörlega sýkn í málinu og honum tildæmdur málskostnaður skaðlaust fyrir báðum rjettum, eða til vara, að sektin verði lækkuð sem mest má verða og að honum verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 21. febr. þ. á., og krafizt þess, að sektin verði hækkuð upp í 130—150 kr. og málskostnaður við bæjarþingsrjett upp í 30 kr., og að honum verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Með því að gagnáfrýjandinn eigi hefur farið fram á það fyrir yfirdóminum, að aðaláfrýjandi verði dæmdur fyrir önnur ummæli greinarinnar en þau, sem undirdómarinn hefur álitid sagnæm og tilfærð eru hjer að framan, koma hin önnur ummæli greinarinnar nú eigi undir dóm. Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um það, að hin tilgreindu ummæli lýsi verulegri óvirðingu fyrir gagnáfrýjanda og sjeu móðgandi fyrir hann á þann hátt, að þau sjeu sagnæm eptir 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og eru þessi ummæli eigi rjettlætt með tilvitnun áfrýjandans í grein í blaði stefnda, »Þjóðólfi«, er út kom daginn áður, er hann telur að hafi gefið tilefni til ummælanna. Það er því rjett, að undirdómarinn hefur látið aðaláfrýjanda sæta sekt fyrir hin áttöldu meiðyrði, og með því að upphæð sektarinnar þykir hæfileg, og eigi er tilefni til að breyta ákvæði bæjarþingsdómsins um ómerkingu meiðyrða og málskostnað, verður að staðfesta hann. Eptir þessum úrslitum málsins verður aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Aðaláfrýjandi Björn Jónsson á að greiða gagnáfrýjanda Hannesi Þorsteinssyni 20 kr., sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.